



LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS
ICELANDIC MEDICAL ASSOCIATION

Alþingi
Erindi nr. P/22/2160
komudagur 8.5.198

Formaður Heilbrigðis- og trygginganefndar Alþingis
b.t. Gunnars Jakobssonar nefndarritara
Nefndarsviði Alþingis
Þórshamri v/Tempalarasund
150 Reykjavík

Kópavogi 5. maí 1998
88/98/GB/ga

Varðandi frumvarp til laga um breytingar á læknalögum

Jón G. Snædal varaformaður Læknafélags Íslands hefur kymnt Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis sjónarmið læknasamtakanna varðandi ofangreint frumvarp. Að mati Læknafélags Íslands er hugtakið “óvæntur skaði” sem getið er um í 2. gr. frumvarpsins of vítt orðalag. Það sem við er átt er skaði sem ekki hefði mátt búast við að öllu jöfnu ef lækni meðferð hefði gengið eðlilega fyrir sig.

Í frumvarpinu er einnig rætt um “heilbrigðisstarfsmenn” þar sem ljóst er að læknir ber hina endanlegu ábyrgð á lækni meðferð.

Ef frumvarp til laga um sjúklingatryggingar nær fram að ganga verða þessar breytingar sem lagðar eru til á læknalögum óþarfar.

f.h. stjórnar Læknafélags Íslands

Guðmundur Björnsson
formaður